

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Margrét Halldórsdóttir
Dags. 15. mars 2019
Mnr. 2019030046



ÍSAFJARÐARBÆR

Afnotagjald af íþróttahúsinu við Austurveg

Í vinnu við endurskoðun á gjaldskrár íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar 2019 gerði íþróttá- og tómstundanefnd það að tillögu sinni að hækka töluvert leigu á salnum í íþróttahúsinu að Austurvegi og samræma þannig leiguverð allra minni íþróttahúsa sveitarfélagsins. Tilaga nefndarinnar var samþykkt í bæjarstjórn.

Hækkunin var töluverð á Austurvegi og láðist að láta fasta viðskipta vini vita af henni. Þeir einu sem eru með fasta tíma í húsinu og greiða beint fyrir þá eru þjálfara sem haldið hafa úti kvennaleikfimi tvisvar í viku í yfir 40 ár. Aðrir fastir leigjendur eru HSV og Grunnskólinn á Ísafirði. Þjálfararnir vissu ekki af hækkuninni fyrr en þeir fengu fyrsta reikninginn og því ómögulegt að bæta því inn í æfingagjöldin. Það er tillaga sviðsstjóra að gjaldið fyrir þessa tíma fram á vor verði eins og gjaldskrá 2018 með 2,7% hækkun eins og flestar gjaldskrárhækkanir voru.

MH